

## REGLUGERÐ

um breyting á reglum nr. 51 10. janúar 1979 um smíði og öryggisbúnað báta minni en 6 m að lengd.

1. gr.

Í 3. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, sem verður nr. 3.2. svohljóðandi:

Bátar, sem smíðaðir eru í alþjóðlega keppnisflokkum eru undanþegnir ákvæðum reglna um smíði skemmtibáta, að undanskildum kröfum um flotholt, enda séu bátarnir eingöngu notaðir á takmörkuðu svæði til æfinga eða keppni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 28. janúar 1983.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

13. janúar 1983

Nr. 50

## AUGLÝSING

um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða nr. 30/1983 skal almennur afgreiðslutími eftirtalinn lyfjabúða vera sem hér segir:

	Kl.
Mosfells Apótek	
Mánudaga—föstudaga .....	9—18:30
Laugardaga .....	9—12
Aðfangadag og gamlársdag .....	9—12
Akraness Apótek	
Mánudaga—föstudaga .....	9—18:30
Laugardaga .....	10—13
Sunnudaga og aðra helgidaga .....	13—14
Borgarness Apótek	
Mánudaga—föstudaga .....	9:30—18
Stykkishólms Apótek	
Mánudaga—föstudaga .....	9—12:15 og 13:15—18
Patreks Apótek	
Mánudaga—föstudaga .....	10—12 og 13:15—18
Ísafjarðar Apótek	
Mánudaga—föstudaga .....	9—18
Laugardaga .....	11—12
Apótek Blönduóss	
Mánudaga—föstudaga .....	9—12 og 13:30—18
Sauðárkróks Apótek	
Mánudaga—föstudaga .....	9—12 og 13—18